

55. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund þriðjudaginn 4. febrúar 2004 í fundarsal ráðhússins kl. 18:15.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, formaður.
Dagný Þórisdóttir,
Helgi Haraldsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Guðbrandur Björgvinsson,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Aðalgata 8. Viðbygging.
Erindin sem frestað var á síðasta fundi, búið er að yfirfara lóðarmál vegna Aðalgötu 8 og voru þau í lagi.
Teikningar Ársæls Vignissonar dags. 24.11.2003 samþykktar.
2. Smiðjustígur 2a. Breytt notkun á húsnæði.
Baldur Þorleifsson fh. Narfeyri óskar eftir því að skráningu á Smiðjustíg 2a, verði breytt úr “vöruheymslu” í “bílskúr/geymslu” og klæða efri hæð hússins með bárujárn.
Erindið samþykkt samhljóða. Leyfisgjald 2.500 kr.
3. Umsókn um staðbundna löggildingu iðnmeistara.
Baldur Haraldsson, múrarameistari kt. 250562-4039 sækir um staðbundna löggildingu í umdæmi Stykkishólmsbæjar.
Erindið samþykkt samhljóða. Fastagjald 2.500 kr.
4. Önnur mál.
 - a) Erindi frá bæjarráði, sbr. bréf dags 30. janúar 2004.
Lóðir A og B við Laufásveg/Borgarbraut eru samkv. aðal og deiliskipulagi ætlaðar undir verslun og þjónustu og verður þar af leiðandi ekki úthlutað til íbúðabygginga nema að undangengnum breytingum á skipulagi.
Samþykkt að leita annara lausna í samstarfi við umsækjanda.
 - b) Lögð var fram fundargerð undirbúningsnefndar um byggingu leikskóla dags. 22. janúar 2004.
Skipulags- og byggingarnefnd tekur undir niðurstöður nefndarinnar um byggingu leikskóla í Tjarnarmýri.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:50.

Gretar D. Pálsson,(sign.),
Dagný Þórisdóttir,(sign.),
Helgi Haraldsson,(sign.),
Guðbrandur Björgvinsson,(sign.),
Þorgrímur Kristinsson,(sign.),
Sveinn Björnsson,(sign.).